

Reglur um notkun fána við stjórnarsýsluhús Reykjavíkurborgar

1. gr.

Stjórnarsýsluhús Reykjavíkurborgar

Stjórnarsýsluhús Reykjavíkurborgar eru Höfðatorg (Borgartún 8-16a), Höfði, Ráðhús Reykjavíkur og Tjarnargata 12.

2. gr.

Höfðatorg

Við norðurhlið Höfðatorgs eru fimm fánastangir. Þar skal þjóðfána Íslands flaggað á endastöng í austri og fána Reykjavíkurborgar á endastöng í vestri, alla fánadaga.¹

Þegar þjónustuver Reykjavíkurborgar á Höfðatorgi er opið almenningi skal fána Reykjavíkurborgar flaggað á endastöng í austri.

Heimilt er að nýta fánastangirnar til að sýna samstöðu með málefnum tengdum mannréttindabaráttu og jafnrétti.

3. gr.

Höfði

Við norðausturhorn Höfða er mastur fyrir stærri fána. Þar skal flagga þjóðfána Íslands við opinberar móttökur í Höfða.

Við suðurhlið Höfða eru níu fánastangir. Þar skal þjóðfána Íslands flaggað á endastöng í vestri og fána Reykjavíkurborgar á endastöng í austri, alla fánadaga. Við opinberar móttökur í Höfða skal flagga þjóðfána Íslands, fána Reykjavíkurborgar, öðrum þjóðfánunum eða öðrum fánunum eftir því sem við á í hverju tilfalli. Ef flagga á átta eða níu þjóðfánunum viku fáni Reykjavíkurborgar.

4. gr.

Ráðhús Reykjavíkur

Á horni Tjarnargötu og Vonarstrætis eru tvær fánastangir. Þar skal fána Reykjavíkurborgar flaggað þá daga sem Ráðhús Reykjavíkur er opið almenningi. Þjóðfána Íslands og fána Reykjavíkurborgar skal flaggað á öllum fánadögum, þeim dögum sem fundir borgarstjórnar fara fram og þegar Ráðhús Reykjavíkur hýsir opinberar athafnir. Heimilt er að láta fána Reykjavíkurborgar víkja fyrir öðrum þjóðfána gerist þess þörf.

Við inngang að Ráðhúsi Reykjavíkur við Tjarnargötu eru tvær fánastangir þar sem flagga skal tveimur fánunum Reykjavíkurborgar en þjóðfána og Reykjavíkurborgarfána á fánadögum.

Átta fánastangir eru á göngubrú vestan megin við Ráðhús. Þar er heimilt að flagga þjóðfánunum, fána Reykjavíkurborgar eða fánunum er varða málefni og viðburði tengdum Reykjavíkurborg.

¹ Fánadagar eru tilgreindir í 1. gr. forsetaúrskurðar nr. 5. frá 1991

Borgarráð getur samþykkt að flagga þjóðfánunum annarra ríkja í samstöðuskyni og skal það gert á fánastöngum við Tjarnargötu. Í slíkum tilvikum skal flöggun vera í þrjá mánuði í senn, nema borgarráð ákveði önnur tímamörk.

5. gr.

Þegar flagga skal í hálfu stöng á það eingöngu við um þjóðfána Íslands. Við slík tilefni skal engum öðrum fánunum flaggað.

6. gr.

Þegar flagga skal fánunum sveitarfélaga skal fáni Reykjavíkurborgar vera lengst til vinstri í röðinni. Öðrum fánunum skal raðað í stafrófsröð frá vinstri til hægri við hlið hans.

6. gr.

Framkvæmd

Stjóðjast skal við leiðbeiningar forsætisráðuneytis um notkun fánans til skýringar og úrlausnar vafaatriða sem lög nr. 34/1944 um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, með áorðnum breytingum, taka ekki til.

Viðburðastjórn Reykjavíkur ber ábyrgð á framfylgd reglna þessara. Ágreiningsatriðum skal vísað til meðferðar forsætisnefndar.

Samþykkt á fundi forsætisnefndar 17.04.2026